

NAUTSFÆÐUR

vetur 2009-2010

SÆÐIÐ
NAUTSMÆÐUR MEÐ
NAUTSFÆÐRUM

SÆÐIÐ EINNIG
EFNILEGAR
UNGAR KÝR OG
KVÍGUR MEÐ
NAUTSFÆÐRUM

TILKYNNIÐ UM
NAUTKÁLFA
UNDAN
NAUTSMÆÐRUM
SEM SÆDDAR
VORU MEÐ
NAUTSFÆÐRUM



GAGNLEGAR
VEFSÍÐUR:
www.bondi.is
www.bssl.is
www.huppa.is
www.nautaskra.net



Glæðir 02001 frá Dalbæ, Hrun.

f. Völsungur 94006, mf. Soldán 95010

- Mikil afurðageta
- Góð júgur- og spenagerð
- Mjög góðar mjaltir



Ófeigur 02016 frá Þríhyrningi, Hörgárdal

f. Völsungur 94006, mf. Hólmur 81018

- Mikil afurðageta, góð efnahlutföll
- Góð frjósemi, júgur- og spenagerð
- Skapgóðar kýr



Flói 02029 frá Brúnastöðum, Flóa

f. Kaðall 94017, mf. Búi 89017

- Miklar afurðir og há efnahlutföll
- Vel gerðir og vel settir spenar
- Mjög góðar mjaltir og gott skap



Síríus 02032 frá Leirulækjarseli, Borgarb.

f. Kaðall 94017, mf. Daði 87003

- Miklar afurðir og há efnahlutföll
- Stórar kýr með mjög góða júgurgerð
- Frábærar mjaltir og skap



Ás 02048 frá Sumarliðabæ, Ásahreppi

f. Kaðall 94017, mf. Stígur 97010

- Miklar afurðir og hátt próteinhlutfall
- Júgurhraustar kýr með góða spenagerð
- Góðar mjaltir en skap í meðallagi



Gyllir 03007 frá Dalbæ, Hrunamannahr.

f. Seifur 95001, mf. Soldán 95010

- Mikil afurðageta, góð efnahlutföll
- Góð og vel borin júgur
- Mjög góðar mjaltir og skap



Tópas 03027 frá Króki, Flóa

f. Punktur 94032, mf. Búi 89017



- Mjög mikil afurðageta
- Vinsælar kýr með vel setta spena
- Mjög góðar mjaltir og gott skap





Nautsmæður

NAUTSMÆÐRASKRÁ

Nautsmæðraskrá hefur verið send til þeirra sem eiga kúr á nautsmæðraskrá. Skrána er líka hægt að nálgast á www.bssl.is. Þá eru nautsmæður merktar með  í gripalista á huppa.is. Á sama hátt eru álitlegar kvígur sem æskilegt er að sæða með nautsfeðrum merktar með .

NAUT Í NOTKUN

Upplýsingar um reynd og óreynd naut í notkun er að finna í nautaskránni á netinu á www.nautaskra.net. Sambærilegar upplýsingar er að finna í prentuðu útgáfu nautaskráarinnar og á ung-nautaspjöldum.

NOTUM SÆÐINGAR

Undirstaða ræktunarstarfs í nautgriparækt eru sæðingar. Þannig er hægt að dreifa erfðaeftni bestu nautanna um land allt og prófa ný óreynd. Því meiri sem notkun sæðinga er því fleiri naut er hægt að prófa og líkur á betri reyndum nautum aukast sem því nemur.



UPPLÝSINGAR UM KYNBÓTAMAT

Í gagnagrunni nautgriparæktarinnar (huppa.is) er hægt að skoða sundurliðað kynbótamat fyrir alla eiginleika sem reiknað er mat fyrir hjá öllum gripum. Þetta mat er m.a. hægt að hafa til hliðsjónar þegar verið er að sæða efnilegar ungar kúr og kvígur. Rétt er að nota nautsfeður á gripi sem hafa hátt kynbótamat og standast þær kröfur sem gerðar eru til nautsmæðra.

- Mælst er til þess að kúr á nautsmæðraskrá séu sæddar með nautsfeðrum.
- Í fyllingu tímans eða eftir burð hafið þá samband við undirritaðan eigi kúrinn nautkálfa með það í huga að hann verði tekinn á stöð.
- Tilkynna má um nautkálfa til Guðmundar Jóhannessonar í síma 480 1800 eða á netfangið mundi@bssl.is.

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til nautsmæðra:

Kynbótamat

Mjólurmagn	112
Próteinmagn	110
Prótein%	95
Eigin afurðir	100
Afurðamat	115
Júgur	100
Spenar	100
Mjaltir	100

Útlitsdómur

Júgur og lögun	8
Júgurfesta og skipting	8
Spenalengd og staðsetn.	8
Spenalögun	8
Mjaltir	17
Skap	4

Nautkálfa sem ákveðið er að taka á stöð eru sóttir um 5-8 vikna gamlir til bænda og fluttir beint í nautastöðina á Hesti. Þar fara þeir í sóttkví áður en þeir eru fluttir inn í sjálfa stöðina. Mikilvægt er að þeir séu vel fóðraðir og hafi lært kjarnfóðurát áður en þeir eru sóttir. Búsnúmer nautastöðvarinnar á Hesti er **2118411** vegna skráningar á sölu í skýrsluhaldinu.



Búnaðarsamband
Suðurlands

Austurvegi 1
800 Selfoss
Sími: 480 1800
www.bssl.is